

Afl og Orka ehf.
Erla Björk Þorgeirsdóttir

Garðabær, 17. desember 2024
Málsnúmer: 202411-0037
IAS

Efni: Svansvirkjun í Þverá í Bjarnarfirði

Við er í erindi frá Afli og Orku ehf. þar sem óskað er eftir ábendingum um þá þætti sem vert er að hafa í huga við undirbúning, hönnun og framkvæmd byggingar á fyrirhugaðri Svansvirkjun í Þverá í Bjarnarfirði.

„Áin liggur ofan af heiði og að ármótum Þverár og Bjarnafljóðar þar sem komið er niður á láglendi í minna en 20 m hæð ef marka má kort Örnefnasjár landmælinga Íslands. Lítið rennsli er í Þverá í Bjarnarfirði í lok vetrar en möguleikar eru á að safna talsverðu vatni í lón í Neðra Þverárvatn. Til þess að reisa virkjunina og leggja pípu þarf að leggja veg að fyrirhuguðu stöðvarhúsi og gera mögulega varanlega brú yfir Þverána á svipuðum slóðum og þar sem göngubrú er til staðar í dag. Velja verður vegastæði að stöðvarhúsinu í samráði við landeigendur en þar gæti verið ráð að nýta vegaslóða sem er til staðar í landinu að hluta eða í heild. Staðsetning stöðvarhúss eða stöðvarhúsa, pípuleið/leiðir og inntaksmannvirki, vegur að stöðvarhúsi og meðfram pípuleið, verða staðsett í samráði við landeigendur þegar búið er að gera nákvæm kort af svæðinu og skoða allar aðstæður og burðarþol undirlags.“

Þverárvatn nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013) en ekki er hægt að sjá í kortasjám Náttúrufræðistofnunar hvort þar sé votlendi eða fossar sem njóta verndar samkvæmt sömu grein. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru mosamelavist og eyðimelavist ríkjandi vistgerðir en þess bera að geta að svæðið hefur lítið verið rannsakað og mikið vantar upp á að kortasjár Náttúrufræðistofnunar (<https://serstokvernd.ni.is/>) og (<https://vistgerdakort.ni.is/>) séu nákvæmar í þessum mælikvarða.

Athuganarsvæðið er við víðáttumesta, samfellda óbyggða víðerni á Vestfjörðum sem nær frá Selárdal í suðri til Hornstranda í norðri (David C. Ostman, Ole Neumann og Þorvarður Árnason. (2021). Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísu. Rannsóknasetur á Hornafirði. Höfn, október 2021). Það ræðst af stærð fyrirhugaðs lóns hvort skerðing verði á víðernum við framkvæmdirnar.

Náttúrufar svæðisins er almennt lítt þekkt og þarf að kanna m.a. lífríki á landi og í vötnum og jarðfræði þess svæðis sem verður fyrir raski.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur